



Borgarráð Reykjavíkur

Reykjavík, 12. október 2023

Varðar: Fjárhagsáætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins 2024-2028

Á 253. stjórnarfundum sínum þann 6. október sl. samþykkti stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. meðfylgjandi fjárhagsáætlun slökkviliðsins fyrir árin 2024-2028. Hún er nú send aðildarsveitarfélögum slökkviliðsins til staðfestingar í samræmi við 8. grein stofnsamnings slökkviliðsins.

Fjárhagsáætlun 2024 byggir á meginforsendum og þeirri stefnumótun sem liggur til grundvallar brunavarnaáætlun SHS, ásamt þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 30. júní 2023 og er samþykkt með fyrirvara um breytingar, sbr. inngang áætlunarinnar.

Óski bæjarráð frekari skýringa á áætluninni er sjálfsagt að undirritaður verði viðstaddur þegar hún verður tekin til umfjöllunar.

Áætlunin hefur þegar verið send fjármálastjóra sveitarfélagsins.

Virðingarfyllst,

Jón Viðar Matthíasson,
slökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.
(rafræn undirritun á næstu síðu)

Meðfylgjandi: Fjárhagsáætlun SHS 2024-2028, dags. 6. október 2023.

Samrit sent borgar- og bæjarráðum annarra aðildarsveitarfélaga Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.

Undirritunarsíða

f.h. Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins
Jón Viðar Matthíasson

Fjárhagsáætlun SHS 2024 - 2028



Á 253. fundi stjórnar Slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu (SHS), sem haldinn var 6. október 2023, var fjárhagsáætlun fyrir árin 2024 - 2028 samþykkt.

Fjárhagsáætlun 2024 byggir á meginforsendum og þeirri stefnumótun sem liggur til grundvallar brunavarnaáætlun SHS, ásamt þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 30. júní 2023.

Brunavarnaáætlunina skal endurskoða, sbr. 13. gr. laga um brunavarnir, eigi síðar en fimm árum eftir að hún hlaut samþykki en oftar ef þörf er á. Ýmis yfirlit eru þó uppfærð a.m.k. árlega og send Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS), s.s. mönnun og viðbragðstími, búnaðar- og tækjalistar, yfirlit yfir menntun og þjálfun slökkviliðsmanna og yfirlit yfir stöðu reykkafara.

Núverandi brunavarnaáætlun var framlengd fram á haust 2024, en ný áætlun átti að taka gildi vorið 2023. Gert er ráð fyrir að vinna við nýja áætlun byrji í síðasta lagi í upphafi árs 2024. Fjárhagsáætlun 2024 er því með fyrirvara um breytingar á mönnun, meðal annars með tilliti til niðurstaðna úr mælingum á viðbragðsgetu liðsins og fylgni við áætlun um eldvarnaskoðanir mannvirkja, en samþykki HMS á brunavarnaáætluninni er háð því að SHS uppfylli þau viðmið sem lögð eru þar til grundvallar.

Það sem einkennir starfsemi SHS er að reglugerðir gera skýrar kröfur um mönnun og framkvæmd eldvarnaeftirlits og viðbragðs slökkviliða. Kröfurnar eiga að tryggja að nægur mannskapur sé til staðar til þess að sinna eldvarnaeftirliti í mannvirkjum á tilteknu þjónustusvæði samkvæmt árlegri eftirlitsáætlun og að uppsett afl slökkviliðs sé alltaf tryggt þannig að hægt sé að hefja reykköfun innan tíu mínútna frá því að kallið kemur.

Reykjavík, 6. október 2023.

Jón Viðar Matthíasson,
slökkviliðsstjóri og
framkvæmdastjóri almannavarna höfuðborgarsvæðisins.

Meginforsendur fjárhagsáætlunar

Fjárhagsáætlun 2024 byggir á meginforsendum og þeirri stefnumótun sem liggur til grundvallar brunavarnaáætlun SHS, ásamt Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 30. júní 2023.

Brunavarnaáætlunina skal endurskoða, sbr. 13. gr. laga um brunavarnir, eigi síðar en fimm árum eftir að hún hlaut samþykki en oftar ef þörf er á. Ýmis yfirlit eru þó uppfærð a.m.k. árlega og send Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS), s.s. mönnun og viðbragðstími, búnaðar- og tækjalistar, yfirlit yfir menntun og þjálfun slökkviliðsmanna og yfirlit yfir stöðu reykkafera.

Núverandi brunavarnaáætlun var framlengd fram á haust 2024, en ný áætlun átti að taka gildi vorið 2023. Gert er ráð fyrir að vinna við nýja áætlun byrji í síðasta lagi í upphafi árs 2024. Fjárhagsáætlun 2024 er því með fyrirvara um breytingar á mönnun, meðal annars með tilliti til niðurstaðna úr mælingum á viðbragðsgetu liðsins og fylgni við áætlun um eldvarnaskoðanir mannvirkja, en samþykki HMS á brunavarnaáætluninni er háð því að SHS uppfylli þau viðmið sem lögð eru þar til grundvallar.

Kjarasamningur SHS og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna rann út 30. september sl. Samið hefur verið um að framlengja hann fram til loka mars 2024. Helstu breytingar eru eingreiðsla upp á 15 þús.kr., 60% hækkun á þrekálagi, sem fer þá úr ríflega 19 þús.kr. í tæplega 32 þús.kr. á mánuði og hækkun á framlagi í námssjóð LSS um 0,41%, samtals er þetta um 1,3% hækkun launakostnaðar SHS á ársgrundvelli.

Í ljósi mikils álags og aukinna krafna um eftirlit með brunavörnum mannvirkja í rekstri, einkum eftirlit og eftirfylgni vegna búsetu í atvinnuhúsnæði, er gert ráð fyrir að fjölga um fjögur stöðugildi á forvarnasviði á nýju ári. Áætlaður heildarkostnaður við það er um 56 m.kr. á ári. Á móti er gert ráð fyrir að hægt verði auka tekjur af eftirliti um 28 m.kr. vegna fyrirhugaðra breytinga á lögum um brunavarnir nr. 75/2000, sem gert er ráð fyrir að taki gildi í upphafi árs 2024.

Fjárhagsáætlun ársins gerir ráð fyrir að launahækkanir starfsmanna SHS á næsta ári og aðrar verðlagshækkanir verði í takt við það sem kemur fram í Þjóðhagsspá Hagstofu frá júní 2023.

Ytri forsendur fjárhagsáætlunar

Ytri forsendur fyrir fjárhagsáætlunum SHS byggja á forsendum frá fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið 2024 - 2028, sbr. Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands 30. júní 2023, sjá töflu hér fyrir neðan. Áætlað er að launavísitala hækki um 5,8% og vísitala neysluverðs um 4,9% fyrir árið 2024.

Forsendur fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar

Breytingar milli ársmeðaltala %	2022	2023	2024	2025	2026	2027	2028
Einkaneysla	8,6	2,3	2,2	2,7	2,5	2,5	2,5
Samneysla	1,6	2,0	1,7	0,8	0,3	0,9	0,7
Fjármunamyndun	6,9	2,3	3,4	1,9	4,2	1,1	1,8
Útflutningur vöru og þjónustu	20,6	8,3	3,3	2,8	3,0	3,4	2,9
Innflutningur vöru og þjónustu	19,7	5,1	2,8	2,0	2,3	1,8	1,9
Verg landsframleiðsla	6,4	4,0	2,5	2,4	2,6	2,5	2,4
Atvinnuleysi, % af vinnuafli	3,8	3,7	4,0	4,1	4,1	4,1	4,0
Vísitala neysluverðs	8,3	8,7	4,9	3,0	2,6	2,5	2,5
Gengisvísitala (hækkun = veiking krónu)	-3,0	3,9	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Þróun launa	8,3	8,9	5,8	4,1	4,0	4,1	4,1

Þjóðhagsstærðir í magnbreytingum milli ára (%) og vísitölur í breytingum milli ársmeðaltala (%). Ekki spáð fyrir um launavísitölu og er hún því reiknuð sem breyting á vísitölum kaupmátta launa (raunlaun) og vísitölu neysluverðs.

Forsendur um gjaldskrárbreytingar

Almennt er miðað við að gjaldskrár sveitarfélaga og stofnana þeirra taki mið af kostnaðinum við að veita þjónustuna og að gjaldskrár hækki að öðru óbreyttu með sama eða svipuðum hætti og verðlag.

Gjaldskrá SHS er sett með heimild í lögum nr. 75/2000 um brunavarnir með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, er samin og samþykkt af aðildarsveitarfélögum SHS, með heimild í 1. mgr. 92. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breytingum.

Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda og fellur þar með úr gildi eldri gjaldskrá.

Forsendur um afkomu

Eigendur leggja áherslu á að fjárhagsáætlanir byggðasamlaganna taki mið af þeim meginreglum sveitarstjórnarlaga sem gilda um þetta efni, sjá efnisákvæði 62., 63. og 64. greinar. Í þessu felst m.a. krafa um að reglulegar tekjur skuli í fjárhagsáætlun næsta árs nema hærri fjárhæð en útgjöld og sama krafa gildir um áætlun til næstu fjögurra ára.

Fjárhagsáætlun 2024

Útkomuspá 2023 gerir ráð fyrir að afkoma ársins verði í takt við áætlun.

Tekjur af sjúkraflutningum stefna í að verða um 25 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2023, þar vegur þyngst hækkun verðlags umfram áætlun, þar sem fjöldi flutninga hefur verið í takt við það sem var áætlað. Aðrar tekjur verða í takt við áætlun en gera má ráð fyrir um 14,2 m.kr. hærri tekjum af SHS fasteignum vegna hækkunar verðlags umfram áætlun.

Gert er ráð fyrir að launakostnaður verði um 16 m.kr. hærri en áætlað var, sem kemur til vegna hækkunar launa umfram áætlun. Jafnframt er gert ráð fyrir að annar rekstrarkostnaður verði um 48,7 m.kr. hærri en áætlað var, þar vegur þyngst að almennar verðlagshækkningar eru töluvert hærri en áætlað, ásamt hærri húsnæðiskostnaði vegna framkvæmda bæði á stöðinni í Hafnarfirði og í Skógarhlíðinni vegna mygluframkvæmda.

Að teknu tilliti til verðlagsbreytinga, kjarasamningsbundinna launahækkana og launaþróunar hjá SHS, er gert ráð fyrir að fjárhagsáætlun samstæðunnar 2024 verði samkvæmt eftirfarandi töflu.

Fjárhagsáætlun SHS samstæðu	Á-2023 áætlun	ÚT-2023 útkomuspá	Á-2024 áætlun	Breyting Á-23 til Á-24	Hlutfall Á-23 til Á-24	Hlutfall ÚT-23 til Á-24
Rekstrartekjur						
Eigendur vegna reksturs SHS.....	2.353.200	2.353.200	2.518.500	165.300	7,0%	7,0%
Eigendur vegna fjárfestinga SHS.....	116.700	116.700	110.100	(6.600)	-5,7%	-5,7%
Eigendur vegna almanna AHS.....	22.300	22.300	23.600	1.300	5,8%	5,8%
Tekjur frá eigendum alls:	2.492.200	2.492.200	2.652.200	160.000	6,4%	6,4%
Sjúkraflutningar.....	1.939.000	1.964.000	2.196.900	257.900	13,3%	11,9%
Sértekjur.....	96.100	96.100	130.300	34.200	35,6%	35,6%
SHS fasteignir.....	118.800	133.000	139.500	20.700	17,4%	4,9%
Aðrar tekjur alls:	2.153.900	2.193.100	2.466.700	312.800	14,5%	12,5%
Rekstrartekjur alls:	4.646.100	4.685.300	5.118.900	472.800	10,2%	9,3%
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld.....	3.870.500	3.886.500	4.266.300	395.800	10,2%	9,8%
Annar rekstrarkostnaður.....	612.800	660.000	676.900	64.100	10,5%	2,6%
Rekstrargjöld alls:	4.483.300	4.546.500	4.943.200	459.900	10,3%	8,7%
Niðurstaða án afskrifa og fjármagnsliða	162.800	138.800	175.700	36.900		
Afskriftir.....	(147.000)	(147.000)	(160.000)	(13.000)		
Fjármagnsliðir.....	(14.000)	10.000	(14.000)	(24.000)		
Rekstrarniðurstaða	1.800	1.800	1.700	(100)		

Fjárhæðir í þús. kr.

Rekstrarniðurstaða

Eigendur leggja áherslu á að fjárhagsáætlanir byggðasamlaganna taki mið af þeim meginreglum sveitarstjórnarlaga sem gilda um þetta efni, sjá efnisákvæði 62., 63. og 64. greinar. Í þessu felst m.a. krafa um að reglulegar tekjur skuli í fjárhagsáætlun næsta árs nema hærri fjárhæð en útgjöld og sama krafa gildir um áætlun til næstu fjögurra ára.

Gert er ráð fyrir að rekstrarniðurstaða ársins verði í járnnum, þegar tekið er tillit til 16 m.kr. hagræðingar í öðrum rekstrarkostnaði.

Rekstrartekjur

Áætlaðar tekjur SHS samstæðunnar árið 2024 eru um 5.118,9 m.kr., sem er 10,2% hækkun miðað við áætlun 2023 en um 8,7% hækkun miðað við útkomuspá.

Tekjur frá eigendum eru 2.652,2 m.kr. eða tæplega 52% af heildartekjum og hækka samtals um 160 m.kr. (6,4%) frá 2023. Tekjur af sjúkraflutningum eru tæplega 43% af heild eða um 2.196,9 m.kr. og hækka um 257,9 m.kr. (13,3%). Aðrar tekjur eru áætlaðar samtals um 269,8 m.kr. eða um 5% af heildartekjum.

Í smíðum er nýtt frumvarp um breytingar á lögum um brunavarnir þar sem gert er ráð fyrir heimild til frekari gjalddöku vegna eftirlits um brunavarnir mannavirkja. Gert er ráð fyrir að frumvarpið verði samþykkt á haustþingi og taki gildi í upphafi árs 2024. Áætlun SHS gerir ráð fyrir að gjaldskrá fyrir árið 2024 taki mið af framangreindu og að tekjur vegna eftirlits hækki um 28 m.kr. umfram verðlag vegna þessa.

Fjárhagsáætlun SHS samstæðu	Á-2023	ÚT-2023	Á-2024	Breyting	Hlutfall	Hlutfall
	áætlun	útkomuspá	áætlun	Á-23 til Á-24	Á-23 til Á-24	ÚT-23 til Á-24
Rekstrartekjur						
Eigendur vegna reksturs SHS.....	2.353.200	2.353.200	2.518.500	165.300	7,0%	7,0%
Eigendur vegna fjárfestinga SHS.....	116.700	116.700	110.100	(6.600)	-5,7%	-5,7%
Eigendur vegna almanna AHS.....	22.300	22.300	23.600	1.300	5,8%	5,8%
Tekjur frá eigendum alls:	2.492.200	2.492.200	2.652.200	160.000	6,4%	6,4%
Sjúkraflutningar.....	1.939.000	1.964.000	2.196.900	257.900	13,3%	11,9%
Sértekjur.....	96.100	96.100	130.300	34.200	35,6%	35,6%
SHS fasteignir.....	118.800	133.000	139.500	20.700	17,4%	4,9%
Aðrar tekjur alls:	2.153.900	2.193.100	2.466.700	312.800	14,5%	12,5%
Rekstrartekjur alls:	4.646.100	4.685.300	5.118.900	472.801	10,2%	9,3%

Fjárhæðir í þús. kr.

Framlag eigenda vegna reksturs SHS

Framlag til rekstrar verði 2.518,5 m.kr. sem er um 7,0% uppsöfnuð hækkan miðað við áætlun 2023, þar af er um 5,7% vegna hækkunar launa- og neysluvísitölu og 1,3% vegna aukins launakostnaðar í tengslum við fyrirsjáanlega launapróun starfsmanna varðliðsins vegna menntunar og starfsþróunar 2024.

Framlag í fjárfestingarsjóð

Fjárfestingarframlag eigenda er stofnsamningsbundið, tengt SDR gengi og háð fjölda slökkvistöðva. Gert er ráð fyrir að fjárfestingarframlag eigenda fyrir árið 2024 verði 110,1 m.kr., miðað við gengi SDR 31. ágúst 2023, sem er 6,6 m.kr. (-5,7%) lækkun miðað við árið á undan.

Framlag eigenda til AHS

Gert er ráð fyrir að framlagið hækki í takt við áætlaða hækkan launa- og neysluvísitölu 2024, eða 5,8%.

Tekjur af sjúkraflutningum – Sjúkratryggingar Íslands

Gert er ráð fyrir að heildartekjur af sjúkraflutningum 2024 verði um 2.196,9 m.kr. sem er um 257,9 m.kr. (13,3%) hækkan miðað við áætlun 2023 og um 11,9% miðað við útkomuspá 2023., þar af er um 9,5% vegna áætlaðrar hækkunar á verðlagi.

Frá og með 1. janúar 2024 hækka verð í samningnum í samræmi við vegna meðaltalshækkun launavísitölu (86%) og neysluvísitölu (14%).

Fjárhagsáætlun 2024 gerir ráð fyrir að fjöldi almennra sjúkraflutninga verði að mestu í takt við fjölda flutninga 2023 auk hlutfallslegrar fjölgunar íbúa í samræmi við mannfjöldaspá Hagstofu Íslands (2,6%) en fjöldi millispítalaflutninga standi í stað á milli ára og því verði meðaltalsfjöldun tæplega 1,6%.

Húsaleigutekjur SHS samstæðu

Gert er ráð fyrir að húsaleigutekjur hækki í takt við þróun neysluvísitölu 2024 og verði um 139,5 m.kr.

Aðrar sértekjur

Gert er ráð fyrir að aðrar sértekjur hækki um 34,2 m.kr. (35,6%) miðað við áætlun 2023, þar af eru um 28 m.kr. vegna nýrrar gjalddöku. Eins og fjallað er hér að ofan er í gangi vinna við breytingu á lögum um brunavarnir nr. 75/2000, þar sem gert er ráð fyrir að heimilt verði innheimta gjald þegar eftirlit mannvirkis í rekstri hefur í för með sér skriflega áminningu vegna þess að brunaöryggi hefur ekki verið viðhaldið í samræmi við forsendur útgefins byggingarleyfis og eðli starfseminnar á hverjum tíma. Áætlunin gerir ráð fyrir breytingin taki gildi í upphafi árs 2024.

Rekstrargjöld

Rekstrargjöld SHS samstæðunnar eru áætluð 4.943 m.kr. á árinu 2024 sem er um 459,7 m.kr. (10,3%) hækkan frá áætlun 2023 og um 8,7% miðað við útkomuspá. Laun og launatengd gjöld hækka um 395,6 m.kr. (10,2%) og annar rekstrarkostnaður um 64,1 m.kr. (10,5%) frá áætlun 2023, en um 2,6% miðað við útkomuspá ársins.

Fjárhagsáætlun SHS samstæðu	Á-2023	ÚT-2023	Á-2024	Breyting Á-21 til Á-22	Hlutfall Á-21 til Á-22	Hlutfall ÚT-23 til Á-24
	áætlun	útkomuspá	áætlun			
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld.....	3.870.500	3.886.500	4.266.100	395.600	10,2%	9,8%
Annar rekstrarkostnaður.....	612.800	660.000	676.900	64.100	10,5%	2,6%
Rekstrargjöld alls:	4.483.300	4.546.500	4.943.000	459.700	10,3%	8,7%

Fjárhæðir í þús. kr.

Laun og launatengd gjöld eru um 86% af rekstrargjöldum fyrir afskriftir og fjármagnskostnað og önnur rekstrargjöld um 14%.

Launakostnaður

Nýr kjarasamningur SHS og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna var samþykktur nú í september, samningurinn gildir frá 1. október 2023 til 31. mars 2024. Samið var um að launatöflur yrðu óbreyttar á samningstímanum, en á mót væri greidd eingreiðsla upp á 15 þús.kr. og þrekálag hækkað umtalsvert eða úr ríflega 19 þús.kr. í tæplega 32 þús.kr. Einnig var samið um hækkun á desemberuppbót og hækkun á framlagi SHS í námsstefnusjóðs LSS. Heildarhækkun launakostnaðar SHS 2023 vegna þessa er um 16 m.kr. Áhrif samningsins á launakostnað SHS 2024 er hækkun um 51,4 m.kr. eða 1,3% .

Í ljósi mikils álags og krafna um eftirlit og eftirfylgni með brunavörnum mannavirkja í rekstri og búsetu í atvinnuhúsnæði, er gert ráð fyrir að stöðugildum á forvarnsviði verði fjölgað um fjögur. Áætlaður heildarkostnaður við það er um 55,9 m.kr. á ári. Á móti er gert ráð fyrir að hægt verða auka tekjur af eftirliti um 28 m.kr. vegna breytinga á lögum um brunavarnir sem gert er ráð fyrir að taki gildi í upphafi árs 2024.

Gert er ráð fyrir að heildarlaunakostnaður hækki um 379,8 m.kr. (9,8%) 2024 miðað við útkomuspá 2023, vegna launahækkunar, fjölgun stöðugilda á forvarnsvið og launaþróun. Áætlunin gerir ráð fyrir að ríflega þriðjungur varðliðsmanna fari upp um launaflokka vegna starfsaldurs og aukinnar menntunar.

Taflan sýnir sundurliðun á áætluðum heildarlaunakostnaði 2024.

Heildarlaunakostnaður	Á-2023	ÚT-2023	Á-2024	Breyting	Hlutfall
	áætlun	útkomuspá	áætlun		
Launakostnaður	3.870.500	3.870.500	3.870.500		
Áhrif kjarasamnings frá 1. okt. 2023.....		16.000	51.400	35.400	1,3%
Fjölgun á forvarnsviði 4 stm m.v. laun 2023.....			55.900	55.900	1,4%
Reglubundin launakostnaður	3.870.500	3.886.500	3.977.800	91.300	2,3%
Launahækkun áætluð					
Launaþróun 2024 varðliðsins.....			57.800		1,5%
Launahækkun 2024 samtals, skv. Þjóðhagsspá júní 2023.....			230.700		5,8%
Launaþróun og -hækkun samtals			288.500	288.500	7,3%
Laun als:	3.870.500	3.886.500	4.266.300	379.800	9,8%

Fjárhæðir í þús. kr.

Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður SHS samanstendur af starfsmannakostnaði, rekstri og viðhaldi tækja, húsnæðiskostnaði og öðrum sameiginlegum kostnaði. Undir þennan lið falla stórir liðir sem taka annars vegar mið af launavísitölu (5,8%), s.s. þjónusta 112, starfsmannatryggingar og þjónusta trúnaðarlæknis, og hins vegar liðir sem taka mið af neyslúvísitölu (4,9%), s.s. matarkostnaður, vinnufatnaður, námskeið, tryggingar og tölvubúnaður.

Útkomuspá 2023 gerir ráð fyrir að annar rekstrarkostnaður verði um 47,2 m.kr. hærrí en áætlað var, megin skýring er mun meiri verðlagshækkun en gert var ráð fyrir í áætlun, en einnig hefur kostnaður í tengslum við framkvæmdir í Skógarhlíð vegna mygluvandræða verið umtalsverður, t.a.m. vegna sérfræðivinna við greiningu á myglu í byggingarefni og aukin ræsting. Í áætlun 2024 er gert ráð fyrir að annar rekstrarkostnaður lækki um 16 m.kr. miðað útkomuspá ársins og verðlagshækkunar og verði 676,9 m.kr. sem er 2,6% hækkun miðað við útkomuspá 2023.

Sjóðstreymi og fjárfestingar

Gert er ráð fyrir að fjárfestingaráætlun 2023 gangi að stórum hluta eftir þ.e. að fjárfest verði í heild fyrir um 520 m.kr. á þessu ári, þar vegur þyngst:

- Kaup á tveimur körfubílum að fjárhæð um 260 m.kr., búið er að greiða um 20% af fjárfestingunni, en eftirstöðvar verða greiddar við afhendingu sem verður öðru hvor megin við næstu áramót.

- Endurbótum á stöðinni í Hafnarfirði er lokið og heildarkostnaður við þær eru um 148 m.kr.
- Endurnýjun á ýmsum búnaði slökkviliðs 30 m.kr., t.a.m. reglubundin endurnýjun á reykjöfunarbúnaði, bifreiðum og öðrum búnaði fyrir slökkviliðið.
- Framkvæmdir í Skógarhlíðinni vegna myglu eru hafnar, en alger óvissa er um umfang nauðsynlegra framkvæmda og því er enn óljóst hver endanlegur kostnað verður vegna þeirra.

Meðfylgjandi tafla sýnir sjóðstreymi eins og það kom fram í samþykktri áætlun fyrir 2023, útkomuspá 2023 og áætlun 2024.

Sjóðstreymi	Á-2023	ÚT-2023	Á-2024
	áætlun	útkomuspá	áætlun
Rekstramiðurstaða.....	1.800	1.800	2.295
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir.....	147.000	147.000	160.000
Verðbætur og gengismunur.....	6.656	20.400	10.200
	155.456	169.200	172.495
Viðskiptakröfur - Brú lækkun (hækkun).....	6.030	6.030	6.030
Handbært fé frá rekstri	161.486	175.230	178.525
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum.....	(520.000)	(520.000)	(400.000)
Afborganir langtímalána.....	(12.462)	(16.300)	(14.300)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(370.976)	(361.070)	(235.775)
Handbært fé í byrjun árs.....	691.942	866.711	505.641
Handbært fé í lok árs	320.966	505.641	269.866

Fjárhæðir í þús. kr.

Fjárhagsáætlun 2024 gerir ráð fyrir að fjárfest verði fyrir samtals um 400 m.kr., þ.e.:

- Viðhald húsnæðis SHS fyrir allt að 180 m.kr., þ.e. viðhald á útstöðvum, t.a.m. þakviðgerð á Skútahrauni, viðhald og endurbætur á húsnæðinu í Tunguhálsi og mögulega áframhaldandi viðhald í Skógarhlíð vegna myglu og rakavandamála.
- Lokaframkvæmdir á æfingaaðstöðunni á lóð SHS í Hafnarfirði í samstarfi við Slysavarnaskóla sjómanna, gert ráð fyrir að hlutur SHS verði um 30 m.kr.
- Kaup á nýrri dælubifreið sem staðsett yrði á slökkvistöðinni í Grundarhverfi á Kjalarnesi, var á áætlun 2023 en hefur verið frestað fram til 2024, áætlað verð er um 40 m.kr.
- Tvær nýjar gámabifreiðar, sem átti skv. brunavarnaáætlun að endurnýja 2021 og 2022 en ákveðið var að fresta til 2024, og ný sendibifreið fyrir verkstæðið, samtals 60 m.kr.
- Endurnýjun á öðrum bílakosti slökkviliðsins fyrir um 55 m.kr., þar á meðal kafarabíl sem er ágerð 2002.
- Endurnýjun á ýmsum búnaði slökkviliðs, t.a.m. búnaði til að slökkva í rafbílum, reglubundin endurnýjun á reykjöfunarbúnaði og tölvu- og hugbúnaði, samtals um 35 m.kr.

Í mars 2023 skipaði formaður stjórnar SHS starfshóp til að fara heildstætt yfir húsnæðismál og byggingarþörf SHS. Hvatinn að stofnun hópsins var m.a. sá að lengi hefur verið í skoðun að finna nýja staðsetningu fyrir stöð í stað Tunguhálsstöðvarinnar, til að tryggja betur viðbragðstíma í efri byggðum Kópavogs.

Starfshópurinn samanstóð af tveimur starfsmönnum SHS og fjórum starfsmönnum eigenda SHS. Formaður hópsins var Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri skrifstofu framkvæmda og viðhalds Reykjavíkur. Verkefni hópsins fólust meðal annars í því að gera tillögu að staðsetningu útkallseininga, tillögur að forgangsröðun uppbyggingar, kostnaðarmat og framkvæmda- og tímaáætlun. Starfshópurinn kynnti nokkrar ólíkar sviðsmyndir fyrir stjórn sem hún mun taka til skoðunar og í framhaldi af því taka ákvörðun um framtíðaruppbyggingu.

Áhrifa af uppbyggingu á húsnæði fyrir slökkviliðið og viðhald núverandi húsnæðis mun gæta í fjárhagsáætlunum á komandi árum.

Framlög eigenda

Eigendur greiða framlög til rekstrar í hlutfalli við íbúafjölda 1. desember ársins á undan í samræmi við 10. gr. stofnsamnings SHS. Þannig ráða íbúatölur 1. desember 2022 skiptingunni fyrir áætlun 2024. Hlutfallsleg skipting aðildarsveitarfélaganna breytist því frá áætlun 2023 til áætlunar 2024 í takt við íbúapróun á svæðinu.

Hlutfallslegar breytingar milli ára	íbúar 2021	íbúar 2022	breytingar fjöldi	breyting hlutfall	hlutfall 2023	hlutfall 2024
Eigendur vegna slökkviliðs						
Reykjavík.....	135.681	139.610	3.929	2,95%	56,40%	56,55%
Kópavogur.....	38.987	39.793	806	2,11%	16,21%	16,12%
Hafnarfjörður.....	29.742	30.508	766	2,57%	12,36%	12,36%
Garðabær.....	18.404	18.882	478	2,71%	7,65%	7,65%
Mosfellsbær.....	13.023	13.407	384	3,06%	5,41%	5,43%
Seltjarnarnes.....	4.728	4.668	(60)	-1,26%	1,97%	1,89%
	240.565	246.868	6.303	2,62%	100,00%	100,00%

Íbúum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði um 6.303 á tímabilinu, eða um ríflega 2,6%, skv. Hagstofu Íslands. Fjölgun var mismikil eftir sveitarfélögum, fækkun á Seltjarnarnesi en íbúum í Mosfellsbæ og Reykjavík fjölgaði hlutfallslega mest, sem hefur áhrif á framlag þeirra til SHS á rekstrarárinu 2024.

Taflan sýnir áætlað framlag hvers eiganda til reksturs SHS, AHS og í fjárfestingarsjóð SHS á árinu 2024, samanborið við áætlun 2023.

Greiðslur sveitarfélaga	Á-2023	Á-2024	Breytingar	Hlutfall
Heild				
Vegna reksturs SHS.....	2.353.200	2.518.500	165.300	7,0%
Vegna fjárfestinga SHS.....	116.700	110.100	(6.600)	-5,7%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	22.300	23.600	1.300	5,8%
Alls:	2.492.200	2.652.200	160.000	6,4%
Sundurliðun á sveitarfélag				
Reykjavík	1.405.612	1.499.870	94.258	6,7%
Vegna reksturs SHS.....	1.327.228	1.424.274	97.046	7,3%
Vegna fjárfestinga SHS.....	65.820	62.265	(3.555)	-5,4%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	12.565	13.331	767	6,1%
Kópavogur	403.893	427.508	23.615	5,8%
Vegna reksturs SHS.....	381.370	405.960	24.591	6,4%
Vegna fjárfestinga SHS.....	18.913	17.747	(1.166)	-6,2%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	3.610	3.800	189	5,2%
Hafnarfjörður	308.118	327.756	19.638	6,4%
Vegna reksturs SHS.....	290.935	311.237	20.301	7,0%
Vegna fjárfestinga SHS.....	14.428	13.606	(822)	-5,7%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	2.754	2.913	159	5,8%
Garðabær	190.660	202.855	12.195	6,4%
Vegna reksturs SHS.....	180.027	192.631	12.603	7,0%
Vegna fjárfestinga SHS.....	8.928	8.421	(507)	-5,7%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	1.704	1.803	99	5,8%
Mosfellsbær	134.914	144.035	9.121	6,8%
Vegna reksturs SHS.....	127.391	136.776	9.385	7,4%
Vegna fjárfestinga SHS.....	6.318	5.979	(338)	-5,4%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	1.206	1.280	74	6,2%
Seltjarnarnes	48.981	50.150	1.169	2,4%
Vegna reksturs SHS.....	46.249	47.622	1.373	3,0%
Vegna fjárfestinga SHS.....	2.294	2.082	(212)	-9,2%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	438	446	8	1,8%
Kjósarhreppur	23	27	5	20,4%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	23	27	5	20,4%

Fjárhæðir í þús.kr.

Kjósarhreppur er ekki eigandi SHS heldur sér SHS um þjónustu við hreppinn í verktöku samkvæmt samningi. Greiðslur Kjósarhrepps fyrir þjónustuna heyra því undir sértekjur. Hins vegar er hreppurinn aðili að almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins og greiðir því framlag til reksturs AHS í hlutfalli af íbúafjölda eins og hin sveitarfélögin.

Fjárhagsáætlun 2025 - 2028

Eins og áður hefur komið fram þá byggir fjárhagsáætlun 2024 á þeirri stefnumótun sem liggur til grundvallar brunavarnaáætlun SHS. Ný brunavarnaáætlun á að taka gildi haustið 2024 og því er áætlun 2024 með fyrirvara um breytingar á mönnum meðal annars með tilliti til niðurstaðna úr mælingum á viðbragðsgetu liðsins og fylgni við áætlun um eldvarnaskoðanir mannvirkja. Einnig er rétt að nefna að ákvarðanir stjórnar varðandi framtíðarhúsnæðisskipan SHS geta haft veruleg áhrif á fjárhagsáætlun 2024 og til lengri tíma. Rammaáætlun fyrir árin 2025 – 2028 er því einnig birt með sömu fyrirvörum.

Rekstur	Á föstu verðlagi 2024				
	Á-2024	Á-2025	Á-2026	Á-2027	Á-2028
Rekstrartekjur:	áætlun	áætlun	áætlun	áætlun	áætlun
Tekjur frá eigendum.....	2.652.200	2.652.200	2.652.200	2.652.200	2.652.200
Sjúkraflutningar.....	2.196.900	2.196.900	2.196.900	2.196.900	2.196.900
Aðrar tekjur.....	269.800	269.800	269.800	269.800	269.800
Rekstrartekjur samtals	5.118.900	5.118.900	5.118.900	5.118.900	5.118.900
Rekstargjöld:					
Laun og launatengd gjöld.....	4.266.300	4.266.300	4.266.300	4.266.300	4.266.300
Annar kostnaður.....	676.900	676.900	676.900	676.900	676.900
Rekstargjöld samtals	4.943.200	4.943.200	4.943.200	4.943.200	4.943.200
Niðurstaða án afskrifta og fjármagnsliða	175.700	175.700	175.700	175.700	175.700
Afskriftir.....	(160.000)	(160.000)	(160.000)	(160.000)	(160.000)
Fjármagnsliðir.....	(14.000)	(14.000)	(14.000)	(14.000)	(14.000)
Rekstrarniðurstaða	1.700	1.700	1.700	1.700	1.700

Fjárhæðir í þús. kr.

Sjóðstreymi	Á föstu verðlagi 2024				
	Á-2024	Á-2025	Á-2026	Á-2027	Á-2028
Rekstrarniðurstaða	áætlun 1.700	áætlun 1.700	áætlun 1.700	áætlun 1.700	áætlun 1.700
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:					
Afskriftir.....	160.000	160.000	160.000	160.000	160.000
Verðbætur og gengismunur.....	10.200	10.200	10.200	10.200	10.200
	171.900	171.900	171.900	171.900	171.900
Viðskiptakröfur - Brú lækun (hækkun).....	6.030	6.030	6.030	6.030	6.030
Handbært fé frá rekstri	177.930	177.930	177.930	177.930	177.930
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum.....	(400.000)	(150.000)	(150.000)	(150.000)	(150.000)
Afborganir langtímalána.....	(14.300)	(14.300)	(14.300)	(14.300)	(14.300)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(236.370)	13.630	13.630	13.630	13.630
Handbært fé í byrjun árs.....	505.641	269.271	282.901	296.530	310.160
Handbært fé í lok árs	269.271	282.901	296.530	310.160	323.790

Fjárhæðir í þús. kr.



UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Fjárhagsáætlun Slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu 2024

Vísað er til bréfs slökkviliðsstjóra Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, dags. 12. október 2023, þar sem lögð er fram fjárhagsáætlun fyrir árin 2024-2028 sem hefur þegar verið samþykkt af stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. Fjárhagsáætlunin byggir á meginforsendum og þeirri stefnumótun sem liggur til grundvallar brunavarnaáætlun SHS, ásamt þjóðhagsspá Hagstofu Íslands og er samþykkt með fyrirvara um breytingar, sbr. inngang áætlunarinnar. Lýtur sá fyrirvari einkum að teknu tilliti til breytinga á mönnun, meðal annars með tilliti til niðurstaðna úr mælingum á viðbragsgetu liðsins og fylgni við áætlun um eldvarnaskoðanir mannvirkja samkvæmt reglugerðum þar um.

Samkvæmt greiðsluskiptingu milli sveitarfélaga vegna nefndra verkefna er gert ráð fyrir að heildarframlög Reykjavíkurborgar fyrir árið 2024 verði 1.499.870 þkr. sem er 7,3% hækkun frá fyrra ári. Stjórn SHS hefur samþykkt fyrir sitt leyti framlagða fjárhagsáætlun og gerir fjármála- og áhættustýringarsvið ekki athugasemdir við hana.

Haldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs